

# **Leikskólinn Kæríbær á Kirkjubæjarklaustri**



**Skýrsla um innra mat vorið 2015**

**Áætlun um úrbætur fyrir skólaárið  
2015-2016**

Unnið af starfsfólki leikskólans í samvinnu við ráðgjafa Skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Sjálfsmatsáætlun.....	2
Skólapúlsinn 2014, samantekt á niðurstöðum.....	3
Foreldrakönnun 2015, samantekt á niðurstöðum.....	8
Úrbótaáætlun fyrir skólaárið 2015-2016 .....	15
Upplýsingar og samskipti.....	15
Aðlögun og athafnir daglegs lífs .....	15
Skipulag starfsins .....	15
Hús og lóð, aðbúnaður og öryggi .....	16
Sýnileiki starfsins .....	16
Fámenni á leikskólanum.....	16
Endurmenntun starfsfólks.....	16
Kynningar á Námskrám og stefnum.....	16
Að lokum.....	17

## Inngangur

Sjálfsmat Kærabæjar skólaárið 2014-2015 var unnið af Þórunni Júlíusdóttur og Guðrúnu Sigurðardóttur í samvinnu við ráðgjafa Skólajónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Matið var að þessu sinni byggt á niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins sem lögð var fyrir vorið 2014. Þegar búið var að draga saman niðurstöður s.l. vetur þótti þörf á að fá ítarlegri upplýsingar frá foreldrum þar sem nánar yrði spurt út í ákveðna þætti. Lögð var fyrir spurningalistakönnun á vordögum 2015 og niðurstöður úr þessum tveimur könnunum voru skoðaðar samhliða og gerð áætlun um úrbætur sem vinna skal á skólaárinu 2015-2016.

Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að skólastarf sé metið reglulega og m.a. gengið úr skugga um að það uppfylli ramma laga og reglugerða. Einnig er gerð krafa til skólayfirvalda að aðferðir og niðurstöður mats á skólastarfi séu opinberar og öllum aðgengilegar. Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta.

## Sjálfsmatsáætlun

Tímaáætlun fyrir sjálfsmat 2015 – 2018

2015-2016	2016-2017	2017-2018	tími
Handbók heilsuleikskólans Kærabæjar	Handbók heilsuleikskólans Kærabæjar	Handbók heilsuleikskólans Kærabæjar	Ágúst-september
Áhættumat: áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað	Áhættumat: áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað	Áhættumat: áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað	Ágúst-september
Starfsáætlun Kærabæjar s.s. stoðþjónusta, skipulag, skólareglur og verkferlar	Starfsáætlun Kærabæjar s.s. stoðþjónusta, skipulag, skólareglur og verkferlar	Starfsáætlun Kærabæjar s.s. stoðþjónusta, skipulag, skólareglur og verkferlar	September-október
Líðankönnun barna: Spurningar lagðar fyrir börn í samræðum	Líðankönnun barna: Spurningar lagðar fyrir börn í samræðum	Líðankönnun barna: Spurningar lagðar fyrir börn í samræðum	Október
Starfsmannakönnun: Rafrænn spurningalisti lagður fyrir starfsmenn	Foreldrakönnun: Rafrænn spurningalisti lagður fyrir foreldra	Starfsmannakönnun: Rafrænn spurningalisti lagður fyrir starfsmenn	Janúar
Heilsustefnan, kennslu og uppeldishættir og starfsþróun. Viðmið í vetur: efling sjálfsvirðingar	Skólanámskrá Kærabæjar: Stefna, markmið, námsmat, námsvið og áherslur og grunnþættir menntunar.	Starfsmannahandbók Kærabæjar: daglegt skipulag, hefðir o.fl.	Febrúar
Heilsubók barnsins og TRAS: Námsaðferðir og hæfnisviðmið	Heilsubók barnsins og TRAS: Námsaðferðir og hæfnisviðmið	Heilsubók barnsins og TRAS: Námsaðferðir og hæfnisviðmið	Heilsubók og TRAS er tekið tvisvar sinnum á ári
Endurmat og skýrsla um Grænfánann		Endurmat og skýrsla um Grænfánann	Mars
Skólastarfið uppgjörsdagar hjá starfsfólki að vori t.d. samstarf skólastiga, starfsáætlun o.fl.	Skólastarfið uppgjörsdagar hjá starfsfólki að vori t.d. samstarf skólastiga, starfsáætlun o.fl.	Skólastarfið uppgjörsdagar hjá starfsfólki að vori t.d. samstarf skólastiga, starfsáætlun o.fl.	Maí

Sjálfsmat Kærabæjar skólaárið 2014-2015 fór fram eins hér hefur áður komið fram. Niðurstöður þeirra kannanna sem lagðar voru fyrir verða raktar hér á eftir. Þeir þættir sem betur mega fara eru settir í ferli í skólanum þar sem leitast er við að færa þá til betri vegar. Verður hér gerð grein fyrir því helsta varðandi sjálfsmat Kærabæjar skólaárið 2014-2015.

## Skólapúlsinn 2014, samantekt á niðurstöðum.

**Matstæki:** Stöðluð könnun lögð fyrir af Skólapúlsinum vorið 2014. Þátttaka var 86%.

**Viðmið:** Að sem flestar niðurstöður séu jákvæðar og miðað er við 80% hlutfall svara við hverja spurningu sé jákvætt.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta.** Niðurstöður sýndu að ánægja sé með flesta þætti skólastarfsins en tillit er tekið til neikvæðra niðurstaðna og settar í úrbótaáætlun.

### Leikskólinn stendur sig vel í uppeldi og menntun barna

- ➔ Hér er hlutfall jákvæðra svara 83,3% og því yfir viðmiðum. Engu að síður eru það 16,7% sem eru frekar ósammála og gefur það tilefni til frekari skoðunar og ígrundunar á innra starfi skólans. Verður rætt á starfsmannafundum og unnið frekar með í skipulagningu starfsins.

### Hve ánægð/ur ertu með líðan barnsins?

- ➔ Hér er hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

### Hve ánægð/ur ertu með samskipti starfsfólks við barnið?

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara er 100% og því yfir viðmiðum.

### Hve ánægð/ur ertu með samskipti starfsfólks við þig?

- ➔ Hér er hlutfall jákvæðra svara 87,5% en engu að síður 12,5% sem svara frekar neikvætt og gefur það tilefni til frekari skoðunar innan leikskólans.

### Hve ánægð/ur ertu með dagleg viðfangsefni barnsins?

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

### Hve ánægð/ur ertu með húsnæði og aðstöðu?

- Hlutfall jákvæðra svara 75% og nær því ekki viðmiðum. Sett í nánari skoðun og í forgang í úrbótaáætlun.

### Hversu ánægð/ur ertu með þá starfshætti sem notaðir eru?

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

### Barninu mínu líkar almennt vel í samverustundum

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

### Barninu mínu líkar almennt vel í frjálsum leik

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

### Barninu mínu líkar vel í hópstarfi

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Barninu mínu líkar almennt vel í hvíld**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Barninu mínu líkar almennt vel í útivist**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Á deild barnsins míns eru mátulegur/æskilegur fjöldi barna:**

- Hlutfall jákvæðra svara er 77,8% og er rétt undir viðmiðum. Það er hins vegar ekki margt hægt að gera þar sem leikskólinn er fámennur og öll börnin á sömu deild. Það sem hægt væri að athuga er frekari blöndun elstu barna á leikskólanum við yngstu börnin í grunnskólanum og auka með því möguleikana í félagstengslum og samskiptum.

#### **Barnið mitt hefur áhrif á þær matarvenjur sem mótaðar eru á deildinni**

- ❖ Hér er jafnt hlutfall svara fyrir ofan miðju og neðan. Maturinn kemur úr eldhúsi grunnskólans og er því sami matseðill á báðum stöðum. Spurning er að hve miklu leyti börnin sjálf eigi að hafa áhrif á það sem er í matinn en reynt hefur verið að láta börnin hafa val um álegg ofan á brauð og eins ávexti sem eru í boði.

#### **Komið er til móts við sérþarfir barnsins í mataræði**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Barnið mitt fær hollan og góðan mat í leikskólanum**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Barnið mitt fær þann stuðning/hvatningu sem það þarf við námið**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Barnið mitt fær stuðning ef upp koma vandamál t.d. vegna hegðunar eða sérþarfa**

- ➔ Hér er hlutfall jákvæðra svara 88,8% og því yfir viðmiðum. Engu að síður þarf að taka til skoðunar innan skólans hvernig hægt er að gera enn betur og verður það unnið með starfsfólki í samvinnu við ráðgjafa Skólaþjónustunnar.

#### **Barnið mitt er hvatt til sjálfstæðis**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Á deildinni eru notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska- og námsferil barna**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 88,9% og því yfir viðmiðum. Engu að síður verður tekið til umræðu innan skólans hvernig hægt er að gera betur.

#### **Flest starfsfólk virðist hæft og metnaðarfullt**

- Hlutfall jákvæðra svara er 77,8% og því rétt undir viðmiðum. Þessi liður verður skoðaður nánar í samvinnu við ráðgjafa Skólaþjónustu.

#### **Barninu mínu er mætt á sanngjarnan hátt**

- Hlutfall jákvæðra svara er 88,9% og því yfir viðmiðum. Engu að síður verður skoðað innan leikskólans hvernig hægt er að gera betur.

#### **Barnið mitt fær þá umhyggju og líkamlegu umönnun sem það þarfnast**

- Hlutfall jákvæðra svara er 88,9% og því yfir viðmiðum. Engu að síður verður skoðað innan leikskólans hvernig hægt er að gera betur.

#### **Námsumhverfi barnsins míns tekur mið af áhuga og reynslu þess**

- Hlutfall jákvæðra svara er 87,5% og því yfir viðmiðum. Skoða þarf nánar hvað gera má betur.

#### **Barnið mitt hefur aðgengi að fjölbreyttum efnivið í leikjum sínum**

- Hlutfall jákvæðra svara er 87,5% og því yfir viðmiðum. Ræða þarf innan skólans hvernig hægt er að gera betur.

#### **Námsumhverfi barnsins míns úti og inni er öruggt**

- Hlutfall jákvæðra svara er 62,5% og því langt undir viðmiðum. Löng saga er um þörf á endurbótum bæði á aðkomu að leikskólanum og eins leiksvæði barnanna úti við. Leiktæki orðin léleg og vatnssöfnun í garði. Skoða þarf þennan þátt nánar og setja í forgang í úrbótaáætlun.

#### **Barnið mitt hefur næg tækifæri til að leika sér**

- Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Námsumhverfi barnsins míns hvetur til rannsókna, sköpunar og tilrauna**

- Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Barnið mitt fær næg tækifæri til hreyfingar og leikja**

- Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Barnið mitt fær tækifæri til að njóta náttúrunnar með margvíslegum hætti (t.d.**

#### **gönguferðir, útivist ýmiss konar)**

- Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Barnið mitt lærir að bera virðingu fyrir sér og öðrum**

- Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Barnið mitt fær leiðsögn um ásættanlega hegðun í ólíkum aðstæðum**

- Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Barnið mitt fær næg tækifæri til að efla félagsfærni sína**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara er 83,3% og því yfir viðmiðum. Það eru þó engu að síður vísbendingar að hluti foreldra telja að börnin þurfi fleiri tækifæri til að efla félagsfærni sína og er úr vöndu að ráða þar sem leikskólinn er fámennur.

#### **Barnið mitt á vini í leikskólanum**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Barnið mitt lærir tillitssemi við aðra**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Barnið mitt fær tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og reynslu í leik**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Barnið mitt kynnist bakgrunni og menningu allra barnanna á deildinni**

- Hlutfall jákvæðra svara er 66,6% og því undir viðmiðum. Skoða þarf þennan þátt nánar.

#### **Ég tel að þess sé gætt að ekkert barn sé útilokað úr hópnum**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Ég tel leikskólakennara vakandi fyrir því að öll börn tilheyri barnahópnum**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Börn af ólíkum uppruna og menningu eru meðhöndluð á sanngjarnan hátt**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Réttindi beggja kynja eru virt á deildinni**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

#### **Ég fæ nægar upplýsingar um þroska og námsframvindu barnsins míns**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara er 87,5% og því yfir viðmiðum, engu að síður verður skoðað frekar hvað hægt er að gera betur.

#### **Ég hef tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið og fjölskylduna til deildarstjóra og leikskólakennara barnsins míns**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara 87,5% og því yfir viðmiðum. Engu að síður verður rætt innan skólans hvernig hægt er að gera betur.

#### **Ég er vel upplýst/ur um viðfangsefni sem unnið er að á deildinni**

- Hlutfall jákvæðra svara er 50% og því langt undir viðmiðum. Þessi þáttur verður skoðaður nánar í samvinnu við ráðgjafa Skólaþjónustu og settur í forgang í úrbótaáætlun.

#### **Ég er látin/n vita af fundum og sérstökum viðburðum**

- ➔ Hlutfall jákvæðra svara er 87,5% og því yfir viðmiðum. Engu að síður verður skoðað innan leikskólans í samráði við ráðgjafa Skólaþjónustu hvernig hægt er að gera betur.

### **Ég hef fengið kynningu á aðalnámskrá, stefnu leikskólans og skólanámskrá**

- Hlutfall jákvæðra svara 75% og því undir viðmiðum. Skoða nánar innan leikskólans í samvinnu við ráðgjafa Skólaþjónustu.

### **Deildarstjóri/leikskólakennari hlustar á skoðanir mínar varðandi nám og þroska barnsins míns**

- Hlutfall jákvæðra svara er 62,5% og því undir viðmiðum. Skoða þarf þennan þátt nánar með ráðgjafa Skólaþjónustu og setja í forgang í úrbótaáætlun.

### **Ég fæ að heyra þegar barninu mínu gengur vel**

- Hlutfall jákvæðra svara er 87,5% og yfir viðmiðun. Engu að síður þarf að taka til umræðu hvernig hægt er að gera betur.

### **Fjölbreyttar leiðir eru nýttar í upplýsingagjöf um starfið á deildinni**

- Hlutfall jákvæðra svara er 62,5% og því undir viðmiðum. Skoða þarf þennan þátt nánar í samráði við ráðgjafa Skólaþjónustu.

### **Ég fæ næga upplýsingagjöf frá deildarstjóranum á deild barnsins míns**

- Hlutfall jákvæðra svara er 50% og undir viðmiðum. Skoða þarf þennan þátt nánar í samráði við ráðgjafa Skólaþjónustu.

### **Leikskólakennari/starfsfólk er áhugasamt og samstarfsfúst þegar þau ræða við mig um barnið mitt**

- Hlutfall jákvæðra svara er 87,5% og er því yfir viðmiðum. Ræða þarf þó þennan þátt nánar innan leikskólans.

### **Leikskólinn veitir reglulega gagnlegar upplýsingar um námsferli og þroska barnsins míns**

- Hlutfall jákvæðra svara er 75% og því undir viðmiðum. Skoða þarf þennan þátt nánar og setja í úrbótaáætlun.

### **Tengsl mín við þá sem vinna á deild barnsins míns eru góð-frekar góð-frekar slæm-slæm.**

- Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

### **Ég er hvattur/hvött til að taka þátt í leikskólastarfinu**

- Hlutfall jákvæðra svara er 81,8% og því yfir viðmiðum. Skoða þarf þó nánar hvaða möguleikar eru á aukinni aðkomu foreldra að starfinu, t.d. í samvinnu við foreldraráð.

### **Leikskólakennarar hvetja til að börnin eigi samskipti sín á milli utan leikskólans**

- Hlutfall jákvæðra svara er 42,9% og því undir viðmiðum. Ræða þarf þó bæði innan leikskólans og eins við foreldrasamfélagið, að hve miklu leyti leikskólakennarar eiga að hlutast til um samskipti utan leikskóla



### **Leikskólakennarar hvetja til að foreldrar kynnist innbyrðis**

- Hlutfall jákvæðra svara er 28,6% og því undir viðmiðum. Sama gildir hér um og fyrri spurningu varðandi samskipti barna utan leikskólans, að hve miklu leyti leikskólakennarar eiga að hlutast til um samskipti utan leikskólans.

### **Atburðir í leikskólanum, sem foreldrum er ætlað að taka þátt í, eru tímasettir þannig að ég geti sótt þá**

- Hlutfall jákvæðra svara eru 90,9% og því yfir viðmiðum. Erfitt getur verið að koma til móts við breytilegan vinnutíma hjá foreldrum en það verðu ávallt reynt að koma því þannig fyrir að tímasetningar henti sem flestum.

### **Ég tel upplýsingar á heimasíðu leikskólans gagnlegar**

- Hlutfall jákvæðra svara 100% og því yfir viðmiðum.

### **Leikskólakennari kom í heimsókn á heimili barnsins áður en leikskóladvöl hófst**

### **Ég hefði gjarnan viljað að leikskólakennari/lykilaðili hefði komið í heimsókn til að kynnst umhverfi barnsins þar áður en leikskólaganga hófst**

- 83,3% foreldra vilja ekki fá leikskólakennara/lykilaðila í heimsókn áður en leikskólaganga hófst og styður þannig við það fyrirkomulag sem ríkir í dag, þ.e. að ekki er boðið upp á slíkar heimsóknir.

### **Hefur barnið fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu?**

### **Hefur þú óskað eftir sérfræðipjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjubjálfun) fyrir barnið á þessu skólaári?**

- Hlutfall svara við þessum spurningum haldast í hendur þannig að gengið er út frá því að þeir sem þurfa á þjónustunni að halda hafa fengið hana eða eru í þann veginn að fá hana.

## **Foreldrakönnun 2015, samantekt á niðurstöðum.**

**Matstæki:** Samdar voru spurningar í samráði við ráðgjafa Skólaþjónustu og sendar rafrænt til foreldra. Alls svöruðu 11 foreldrar könnuninni af 24 en í einhverjum tilvikum má gera ráð fyrir því að foreldrar hafi svarað í sameiningu.

**Viðmið:** Að sem flestar niðurstöður séu jákvæðar og miðað er við 80% hlutfall svara við hverja spurningu sé jákvætt.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta.** Niðurstöður sýndu að ánægja er með marga þætti skólastarfsins en tillit er tekið til neikvæðra niðurstaðna og settar í úrbótaáætlun.



- ➔ Hlutfall jákvæðra svara er 82% og því yfir viðmiðum. Engu að síður þarf að hafa ákveðna þætti í huga varðandi skipulagningu starfsins með tilliti til; aldurskiptingar, staðsetningar skólans þ.e. að finna flöt á því í samvinnu við sveitarstjórn hvernig ferðum í aðrar stofnanir í sveitarfélaginu verður fyrir komið á næsta vetri og eins þarf að yfirfara húsbúnað með tilliti til öryggis barna.




- Niðurstöður langt undir viðmiðum. Beiðnir á undanförunum árum frá leikskólanum og foreldrum leikskólabarna til sveitarstjórnar um lagfæringar á aðkomu að leikskólanum hafa ekki gengið eftir. Þessar úrbætur þola enga bið og þarf að laga fyrir næsta haust. Setja þarf upp aðgerðaáætlun varðandi að hólfa garðinn niður og hanna betur að teknu tilliti til aldurs barna.

### Hvernig hugnast þér að flytja leikskólann í húsnæði grunnskólans?




- ❖ 50% foreldra eru jákvæðir gagnvart flutningi leikskólans og 50% foreldra neikvæðir. Slík ákvörðun verður á höndum sveitarstjórnar en mikilvægt að vinna í samráði við foreldra leikskólabarna. Engu að síður þarf að horfa í að þar sem gera þarf miklar og kostnaðarsamar framkvæmdir á núverandi garði er spurning um hvernig verja eigi þeim peningum sem notaðir eru þannig að þeir nýtist til framtíðar. Leggja þarf vinnu í að athuga hvernig sú breyting gæti komið til með að verða, hvaða kostir og hvaða gallar eru í stöðunni og eins hvað kostar hvor leið í heildina.

### Hversu vel þekki þið bakgrunn hinna barnanna á leikskólanum?




- Spurt var að þessu í Skólapúlsinum og var hlutfall jákvæðra svara þar 66,6%. Nú er hlutfall jákvæðra svara 78% og er því á uppleið þó svo að það sé enn undir viðmiðum.

## Hve ánægð/ur ert þú með upplýsingagjöf frá leikskólanum?




- Hlutfall jákvæðra svara er 60% og því undir viðmiðum. Vinna þarf markvisst að þessum þætti áfram og finna leiðir til að bæta upplýsingagjöfina. Setja í úrbótaáætlun.

## Hversu oft ferð þú inn á heimasíðu leikskólans [www.leikskolinn.is/kaeribaer/](http://www.leikskolinn.is/kaeribaer/)?



- ❖ Hlutfall foreldra sem fara inn á heimasíðu leikskólans 1x í viku eða oftar er 60% og því ljóst að hún nýtist að takmörkuðu leyti til upplýsinga.

### Hversu oft ferð þú inn á facebooksíðu leikskólans?




- ❖ Hlutfall foreldra sem fara inn á féskásíðu leikskólans 1x í viku eða oftar er 30% og því ljóst að hún nýtist illa í upplýsingagjöf.

### Með hvaða hætti átt þú helst samskipti við starfsfólk leikskólans?



- ❖ Greinilegt er að mesta upplýsingastreymið á sér stað þegar komið er með börnin að morgni og þau sótt í lok dags. Oft er þó reyndin að það eru persónulegar upplýsingar sem fara þá á milli frekar en tilkynningar um atburði og slíkt.




- ❖ Foreldrar kjósa helst að samskiptin eigi sér stað við komu og heimferð, einnig í skipulögðum foreldraviðtölum og síðan í tölvupósti. Það er samt ákveðinn munur á þeim upplýsingum sem fara á milli í mismunandi aðstæðum. Við komu og heimferð eru það yfirleitt nytsamlegar upplýsingar t.d. varðandi klæðnað og slíkt, í skipulögðum foreldraviðtölum er verið að ræða stöðu barnsins m.t.t. þroska og almennrar líðan og í tölvupósti er um að ræða tilkynningar um skólastarfið, viðburði og uppákomur. Eins komu fram athugasemdir um að gott geti verið að senda reglulega tölvupósta heim um hvernig vikan hefur verið og óskað eftir því að setja miða með tilkynningum í hólfin og hengja upp á áberandi stað í leikskólanum.



- Hlutfall jákvæðra svara er 60% og undir viðmiðum. Skoða þarf hvernig hægt er að gera stefnuna sýnilegri.

## Hve sýnileg er stefna leikskólans varðandi Grænfánann?



- ➔ Hlutfall jákvæðra svara er 80% og nær viðmiðum. Skoða þarf þó hvernig enn frekar sé hægt að gera stefnuna sýnilegri.

### Hvað vilt þú að einkenni leikskólastarfið í framtíðinni?

- ❖ Góð samskipti og samvinna milli starfsfólks og foreldra og góðu upplýsingaflæði sem stuðlar að öryggi og velferð barnanna.
- ❖ Fjölbreytni í starfi
- ❖ Gott útisvæði með góðri aðkomu að leikskólanum
- ❖ Jákvæður skólabragur og fagmennska sem miðar að því að allir fái verkefni við sitt hæfi miðað við aldur, þroska og stöðu.
- ❖ Aukin aðkoma foreldra t.d. í gegnum foreldraráð.
- ❖ Gagnkvæm gleði, kærleikur og virðing.
- ❖ Unnið sé að sjálfsstyrkingu barnanna
- ❖ Að börnin fái að njóta þeirrar sérstöðu sem leikskólinn býr við, þ.e. fámenni og umhverfi.
- ❖ Aukið samstarf leik- og grunnskóla með félagslega styrkingu og sveigjanleika í námi að leiðarljósi.

## Úrbótaáætlun fyrir skólaárið 2015-2016

Hér á eftir eru taldar upp þær úrbætur sem unnið verður að á skólaárinu 2015-2016.

### Upplýsingar og samskipti

Tekið verður í notkun ákveðið skipulag varðandi skipulagða foreldrafundi. Útbúið verður eyðublað þar sem umræðuefnið er listað upp með áherslu á barnið sjálft, stöðu þess og þroska og foreldrar fá samskonar blað í hendur fyrir fundinn svo þeir geti undirbúið sig.

Á almennum foreldrafundum verður auglýst fundardagskrá og rituð verður fundargerð. Á þeim fundum verður tekinn tími til að kynna og minna á skólanámskrá og stefnu leikskólans því ávallt eru nýir foreldrar og starfsmenn í hópnum og einnig þarf sífellt að minna á það sem leikskólinn stendur fyrir.

Setja tilkynningar í fast skipulag og gæta að því að upplýsingar séu skýrar og réttar. Meðal annars munu fastir liðir í skólastarfinu birtast á heimasíðu og í skólanámskrá en áminningar um þessa liði verða settar á facebooksíðu og í tölvupósti. Á föstudögum verður bæði sendur póstur heim með helstu fréttum vikunnar úr leikskólastarfinu og þar kemur einnig áminning um væntanlega viðburði næstu viku.

Ábyrgð á þessum lið er á höndum skólastjóra og deildarstjóra og er árangur metinn reglulega á starfsmannafundum og í foreldrakönnun.

### Aðlögun og athafnir daglegs lífs

Farið verður eftir ákveðnu vinnulagi og skipulagi í aðlögun barna. Sett upp skrifleg áætlun og henni fylgt eftir. Skráning á blejuskiptum og matartímum. Ábyrgð á þessum lið er á höndum allra starfsmanna leikskólans og er metið reglulega í foreldraviðtölum og foreldrakönnun og einnig á starfsmannafundum.

### Skipulag starfsins

Leggja áherslu á það að vori, að þá liggi nokkurn veginn fyrir hvernig haustið verður, hvaða börn verða á leikskólanum og eins með starfsfólki. Einnig þarf að leggja skýrar línur varðandi möguleika á vistunartímum og að þeir séu virtir. Gera samning þar að lútandi og aðilar skrifa undir. Ef breytingar verða til lengri tíma verður að skrifa undir slíkt. Skoða þarf í samvinnu við sveitarstjóra hvernig fyrirkomulag verður með unna kaffitíma, gera þarf ráð fyrir afleysingu til að brúa slíkt. Ábyrgð á þessum lið er á höndum leikskólastjóra í samvinnu við sveitarstjórn og skólastjóra grunnskóla og metið á uppgjörsdögum að vori.



## Hús og lóð, aðbúnaður og öryggi

Fara þarf yfir og kaupa þá innanstokksmuni og öryggisbúnað sem vantar og horfa þarf á aldur og þroska barnahópsins í því sambandi. Setja upp framkvæmdaáætlun vegna lóðarinnar og bílastæðisins (aðkomunnar) en það þarf að vinna í samvinnu við sveitarstjórn. Ábyrgð á þessum lið er á höndum leikskólastjóra í samvinnu við sveitarstjórn. Árangur metinn í foreldrakönnunum og reglulega á starfsmannafundum.

## Sýnileiki starfsins

Gera daglegt starf sýnilegra eins og möguleiki er, setja t.d. upp myndir í fatahengi af því sem unnið hefur verið yfir daginn, senda heim vikupistla á föstudögum o.s.frv. Hafa starfsmenn einnig sýnilega í starfinu þannig að þátttaka og virkni allra sé ljós. Ábyrgð á þessum lið er á höndum leikskólastjóra og deildarstjóra og metið í foreldrakönnun og reglulega á starfsmannafundum.

## Fámenni á leikskólanum

Leikskólinn er fámennur og nú á vorönn lítur út fyrir að börnum muni enn fækka enn frekar. Skoða þyrfti frekari samvinnu við grunnskólann í því sambandi, t.d. vera undir sama þaki eða hafa meiri samvinnu við yngstu bekkina. Ábyrgð á þessum lið er á höndum leikskólastjóra og deildarstjóra í samvinnu við sveitarstjórn og skólastjóra grunnskóla og metið á uppgjörsdögum að vori.

## Endurmenntun starfsfólks

Setja upp endurmenntunaráætlun fyrir starfsfólk með hliðsjón af Heilsustefnu leikskólans og þeim áherslum sem leggja á hverju sinni, að þessu sinni verður lögð áhersla á eflingu sjálfsvirðingar og þar verður ARTið áberandi og á áætlun er að tveir starfsmenn fari á ART námskeið í haust. Ábyrgð á þessum lið er á höndum leikskólastjóra og metið á uppgjörsdögum næsta vor.

## Kynningar á Námskrám og stefnum

Handbók leikskólans er kynnt sérstaklega á sameiginlegum foreldrafundi að haustinu og þar verður einnig minnt á hvar hægt sé að sækja sér námskrána og starfsáætlunina af heimasíðu leikskólans. Einnig verður minnt á þessa hluti í reglulegum foreldraviðtölum og fréttabréfum frá leikskólanum. Næsta vetur verður lögð sérstök áhersla á þáttinn efling sjálfsvirðingar í heilsustefnu leikskólans og mun starfið því bera þess keim. Ábyrgð á höndum leikskólastjóra og deildarstjóra.

## Að lokum

Öllum skólum er hollt að fara í ítarlega sjálfsskoðun á sínu innra starfi. Með þeim hætti er hægt að meta hvað gengur vel og hvað það er sem þarf að bæta, því öll viljum við gera góðan skóla enn betri. Telja skýrsluhöfundar sig hafa farið nokkuð vítt og breytt um skólastarfið en þetta er í fyrsta skipti sem unnið hefur verið með þessum hætti. Þar sem verið er að innleiða nýjar aðferðir í sjálfsmati skólans mun þessi skýrsla taka ákveðnum breytingum í framtíðinni og fleiri þættir koma inn, en þar má t.d. nefna; líðankönnun barna, áhættumat leikskólans, handbókin o.s.frv.

Búið er að setja upp sjálfsmatsáætlun til næstu þriggja ára þar sem flest allir þættir skólstarfsins verða metnir kerfisbundið og samofið skólastarfinu. Matið byggir á upplýsingum sem eru fengnar hjá öllum þeim sem að skólastarfinu koma og er sett í farveg sem leiðir til umbóta í skólastarfinu. Skýrslan verður kynnt fyrir fræðslunefnd og verður þar að auki sett á heimasíðu skólans en grunngögn sem hún byggir á eru í vörslu skólastjóra.

Kirkjubæjarklaustri í júní 2015

Þórunn Júlíusdóttir, skólastjóri

Guðrún Sigurðardóttir, deildarstjóri